**Sena 1 allir bekkirnir. ( 3bekkir)**
Nemendur koma inn með skilti sem þeir hafa búið til Lagið er spilað undir (Baráttusöngur barnanna). Með hljóðfæri eða pott og sleif
Bekkirnir koma úr sitthvorri áttinni.
Þegar allir eru komir í salinn syngja þau Baráttusöng barnanna.
Síðan eru skiltin, pottar og pönnur sett á ákveðinn stað þegar lagið er búið og allir fara síðan á sína staði fyrir næsta leikþátt.

**Sena 2 baráttan um bleiku fötin**

**Hundarnir gelta og vekja Fíusól**
**Hundar eru**

_____________ _________ _________

1. **Fíasól -** ________er að vakna, teygir úr sér og sér föt á stól sem hún vill ekki fara í.
   Hún fer að rífast við mömmu sína.
   **Fíasól segir**:Ég vill ekki fara í þessi föt ég vil fara í bleik föt.
2. **Mamma og pabbi** _____________________
   horfa þreytulega á hvort annað
   **pabbi segir**: Í guðanna bænum leyfðu henni að ákveða sjálfri hvað hún fer í annars verður hún svo reið

3. **Fíasól** er pirruð og segir: Þið ráðið ekki yfir mér.
4. **Mamma** dæsir og segir: *Æ Æ,* Nú verður allt vitlaust
5. **Fíasól** rótar í þykkjustunni í óhreina tauinu og kastar fötum í kringum sig.
   **Fíasól** segir: Hvar er þetta, þetta hlýtur að vera hér.
   aaha (og um leið dregur hún upp buxur uppúr körfunni og þykist fara í þær)
   og segir **Fíasól** : Ég vissi að þær væru hér.
   Umleið fer hún í buxurnar og ljómar þá af gleði.
6. **Pabbi** og/eða mamma hristi höfuðið og segir: Ekki ætla ég að skipta mér af þessu.

**Sena 3**

Nýtt sett af leikurum

Mamma __________ Pabbi ________

Pippa _________

7. Mamman er ergileg og segir „Fíasól mín þú ferð ekki í svona skítugum fötum í skólann og verður bara heima á náttfötunum í dag ef þú hlýðir ekki.

8. Fíasól er reið og pirruð eða grátandi  og segir „taktu bara hin fötin og hentu þeim núna strax.
9. Mamma vandræðaleg og segir við Pippu „hvað eigum við að gera?"
10. Pippa yppir öxlum og segir „senda hana skítuga í skólann.
11. Mamma, pabbi og Pippa
   Mamma segir „hvernig eigum við að hjálpa Fíusól með þetta fatavesen?"
   Pabbi segir „ég veit það bara ekki"
   Pippa segir „ég er með hugmynd" – tökum öll fötin úr skápnum hennar og þvoum öll bleiku fötin þá eru engin föt í skápnum hennar.

**Sena 5**

**Fataskápur _________ og ________ gefa frá sér ískurhljóð þegar hurðin opnast. (tveir sem eru skápurinn og eru opnaðir dregnir á hlið – settir á hlið)**

12. Fíasól opnar fataskápinn sinn og verður hissa.  Hún hrópar „Mamma, mamma ég hef verið rænd.
13. Mamma er róleg og segir „ Hvað meinarðu?
14. Fíasól er smá óttalegin eða hissa og segir „ég meina það sem ég segi. Það er búið að

stela öllum ljótu fötunum mínum. Nú er ég í vondum málum.

15. Mamma er ofurróleg og segir „Nei elskan mín það er ekki búið að stela neinu"

16. Fíasól fer að tómri þvottakörfunni og segir „hvar eru bleiku gallarnir mínir?"

17. Þvottavélin _________ - segir  Ég er að þvo

18. Fíasól segir: Ég fer bara í náttfötunum í skólann þau eru svolítið sumarleg.

19. Pippa - segir frekjudós og þær leggja af stað í skólann.

**Sena 6**

Komin í skólann, krakkarnir koma til Fíusólar og spyrja

Barn1 _______ Af hverju ertu í náttfötum í skólanum?

Barn2 ________ Gleymdir þú að klæða þig í morgun?

Barn 3 _________ Svafstu í skólanum?

Kennari _________  Hringir bjöllunni og segir „ Allir í danstíma"

**Sena 7**

allir bekkirnir fara í danstíma.  (3 bekkir)

Allir bekkir sýna dans saman

síðan er leikritið leitt inn í senu hjá næsta bekk og þar á eftir tekur þriðji bekkurinn við. Þegar sá hluti er búinn standa allir upp og syngja lagið Elsku heimur.

Hneigja sig þegar það er klappað.

Kennari, biður öllum börnin að setjast og segir þeim að þau og systkinin fá ís og þakkar um leið foreldrum fyrir komuna og við dreifum ís handa öllum.

Erum með ruslapoka fyrir bréfin.

**Leikmunir**

- Búa til 10 skilti fyrir kröfugönguna
- Koma með hljóðfæri eða potta, sleifar
- Teikna þvottavél á stórt karton
- Kórónur sem tákna hvaða hlutverk þau leika. Hver og einn skrifar og teiknar sitt hlutverk á kórónuna.